

Íslandsmót iðn- og verkgreina

Íslandsmót iðn – og verkgreina er haldið annað hvert ár. Þangað senda iðn - og verknámsskólar einn til tvo nemendur hver til að keppa í sinni iðngrein. Íslandsmótið er fjölbreytt og skemmtilegt og veitir nemendum tækifæri til að sýna færni sína og kunnáttu í iðn - og verkgreinum.



Rafbók

www.rafbok.is

Rafbók er netbókasafn rafiðnaðarins og þar er námsefni rafiðnaðarnema aðgengilegt án endurgjalds.

Aðgangur að rafbók er öllum heimill en nauðsynlegt að skrá sig.

*Rafrænt
námsefni
www.rafbok.is*

www.straumlina.is

Skoðaðu vefinn okkar www.straumlina.is


Þar eru upplýsingar um nám í rafiðngreinum og störf þeim tengdum.



Viltu verða rafvélavirki?

Upplýsingar um nám í rafvélavirkjun





Störf rafvélavirkja eru fjölbreytt og mikil eftirspurn er eftir fólki.

Störf rafvélavirkja

Rafvélavirki starfar á verkstæðum, í iðn- og orku-fyrirtækjum, í iðjuverum og í bátum og skipum. Hann starfar við uppsetningu, viðgerðir og eftirlit með rafvélum og búnaði tengdum rafmótorum og rafölum. Rafvélavirki hefur haldgóða þekkingu á vélbúnaði rafmótora og rafala, stýribúnaði og iðntölvum. Rafvélavirki býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum.

RAFVÉLAVIRKI
er lögverndað
starfsheiti.

Nám í rafvélavirkjun

Rafvélavirkjun er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár, 164 einingar, að meðtöldu grunnnámi rafiðna og starfsþjálfun undir leiðsögn meistara. Grunnnám í rafiðnum er 80 einingar og sameiginlegt öllum rafiðngreinum.



Nemendur fást við fjölbreytt og flókin verkefni sem reyna mjög á sjálfstæði þeirra. Tvær leiðir standa til boða, verknámsleið í skóla eða sammingsbundið iðnnám hjá meistara.

Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og inngöngu í meistaranám.

Námið er lánshæft hjá LÍN eftir fyrstu tvær annirnar.




Nám í rafvélavirkjun er fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt.

Skólar sem kenna rafvélavirkjun

Raftækniskóli Tækniskólans í Reykjavík	www.tskoli.is
Fjölbrautarskólinn í Breiðholti *	www.fb.is
Iðnskólinn í Hafnarfirði *	www.idnskolinn.is
Fjölbrautarskóli Vesturlands, Akranesi *	www.fva.is
Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra *	www.fnv.is
Verkmenntaskólinn á Akureyri *	www.vma.is
Verkmenntaskóli Austurlands *	www.va.is
Fjölbrautarskóli Suðurlands *	www.fsu.is
Fjölbrautarskóli Suðurnesja, Reykjanesbæ *	www.fss.is

* kenna eingöngu grunnnám.



Rafvélavirki býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum.

Þú ert ekki bara stúdent þegar þú ert rafvélavirki.

Stúdentspróf

Flestir skólar bjóða upp á viðbótarnám til stúdentsprófs. Ef nemandi stefnir á háskólanám í rafmagnstæknifræði eða rafmagnsverkfræði þarf að bæta við rafiðnaðarnámið áföngum í stærðfræði og tungumálum.

Nám í rafiðngreinum er mjög góður undirbúningur fyrir slíkt nám.



Nám í rafiðngreinum er góður valkostur til framtíðar.